



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

miðvikudagurinn 25. janúar 2006

Ákvörðun nr. 2/2006

Samruni Vátryggingarfélags Íslands hf. og Öryggismiðstöðvar Íslands hf.

1.

Með bréfi Sigríðar Thorlacius, dags. 13. október 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt að þann 12. þ.m. hefði eignarhlutur Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) í Öryggismiðstöð Íslands hf. (ÖMÍ) farið yfir 50%. Með bréfi frá sama aðila, dags. 23. desember 2005, barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðaðist við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig útskrift úr hlutafélagaskrá fyrir VÍS, útskrift úr hlutafélagaskrá fyrir ÖMÍ, tilkynning til hlutaskrá ÖMÍ og ársreikningar samrunaaðila fyrir árin 2003 og 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að VÍS reki hvers konar vátryggingarstarfssemi en félaginu sé einnig heimil lánastarfssemi og rekstur fasteigna.

Tilgangur með rekstri ÖMÍ sé öryggisgæsla, innflutningur, framleiðsla, sala og uppsetning á öryggis-, brunavarna-, slökkvi- og eftirlitsbúnaði og -tækjum, þjófavarnarkerfum og tilheyrandi búnaði, rekstur öryggismiðstöðvar og önnur starfssemi því tengd svo og rekstur fasteigna og lánastarfssemi.

Í tilkynningunni kemur fram að aðdragandi samrunans hafi verið sá að í stefnumótun VÍS í maí 2003 hafi félagið sett sér það markmið að verða leiðandi í trygginga-, öryggis- og fjármálaþjónustu. Vegna þessa hafi félagið leitað eftir kaupum á hlutabréfum í ÖMÍ. Þann 10. október s.l. hafi hlutur VÍS í ÖMÍ farið yfir 50% þegar félagið eignaðist 2,98% hlut og eigi VÍS nú 52,4% í ÖMÍ, en ekki sé ljóst hvort aðrir hluthafar neyti forkaupsréttar að 1,34% hlut sem keyptur hafi verið 10. október s.l. Eftir viðskiptin verði lágmarkshlutur VÍS 51,08%. Þá segir að markmið samrunans sé að efla starfssemi VÍS-samstæðunnar á sviði öryggisþjónustu.

¹ Viðauki: skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Vátryggingarfélags Íslands hf. og Öryggismiðstöðvar Íslands hf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 10. október 2005, fór hlutur Vátryggingarfélags Íslands hf. yfir helming hlutafjár í Öryggismiðstöð Íslands hf. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson